

# Viðauki við skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007

## – Könnun á vistun barna á Kópavogshæli 1952–1993 –

### 1. Inngangur

Vistheimilanevnd hefur lokið skýrslu um vistun barna á Kópavogshæli, í samræmi við lög nr. 26/2007 og erindisbréf forsætisráðherra. Var skýrslunni formlega skilað til dómsmálaráðherra 7. febrúar 2017. Eftir að skýrslunni var skilað komu fram ábendingar um að gögn sem nefndin gekk út frá að hefðu ekki fundist við vinnslu skýrslunnar væri væntanlega að finna í sjúkraskrársafni Landspítalans. Vistheimilanevnd taldi rétt að afla þessara gagna og fara yfir þau. Í þessum viðauka verður gerð frekari grein fyrir öflun og athugun á umræddum viðbótargögnum.

### 2. Gagnaöflun

Í skýrslunni var gerð grein fyrir því með hvaða hætti aflað var gagna og hvaða gögn bárust nefndinni sem lágu til grundvallar niðurstöðum og ályktunum hennar. Eins og fram kemur í I. hluta, kafla 3.1.1, sendi vistheimilanevnd velferðarráðuneyti bréf dags. 7. mars 2013, þar sem farið var fram á að tekin yrðu saman þau gögn sem ráðuneytið og undirstofnanir þess hefðu í sinni vörslu og vörðuðu vistun barna á Kópavogshæli. Var meðal annars beðið um öll gögn um málefni einstakra barna sem vistuð voru á Kópavogshæli og farið fram á ítarlega leit í skjalasöfnum. Þann 14. maí 2013 bárust nefndinni gögn frá Landspítala, samtals 27 kassar. Í þeim voru meðal annars sjúkraskrár 628 einstaklinga sem vistuð höfðu verið á Kópavogshæli, þar af sjúkraskýrslur alls 130 einstaklinga sem vistuð höfðu verið á barnsaldri. Í I. hluta, kafla 3.3 var gerð grein fyrir því að fundist hefðu skrár yfir sjúklinga í gögnum frá Þjóðskjalasafni þar sem greina mátti nöfn 45 einstaklinga til viðbótar. Við vinnslu skýrslunnar bættust við nöfn þriggja einstaklinga, tveggja samkvæmt upplýsingum aðstandanda og eins samkvæmt upplýsingum úr dómi Hæstaréttar. Í skýrslunni var því gengið út frá því að á Kópavogshæli hefðu verið vistuð að minnsta kosti 178 börn. Gerður var fyrirvari um fjölda barna þar sem gögnin þóttu ófullkomin. Undirstrika ber að vistheimilanevnd taldi enga ástæðu til að draga í efa að Landspítalinn hefði gert umbeðna ítarlega leit í sínum gögnum auk þess sem fyrrum starfsfólk Kópavogshælis lýsti því beinlínis að gögn hefðu verið illa varðveitt og í sumum tilvikum fargað.

Eftir að skýrsla vistheimilanevndar var kynnt í fjölmiðlum ákvað RÚV að grennslast fyrir um ástæður þess að sjúkraskrár 48 einstaklinga hefðu ekki fundist. Í kjölfar ábendinga

frá Landspítala um hugsanlega tilvist frekari gagna ákvað vistheimilanevnd að senda spítalanum lista yfir þá 48 einstaklinga sem engin sjúkraskrárgögn lágu fyrir um. Í ljós kom að Landspítali hafði upplýsingar um 46 einstaklinga í þessum hópi. Af þeim tveimur sem eftir standa virðist sem einn hafi látist rétt áður en til vistunar kom en engin skýring er á því hvers vegna engar upplýsingar finnast um hinn. Þá kom í ljós að fæðingardagar í gögnum frá Þjóðskjalasafni reyndust ekki réttir í öllum tilvikum og einn einstaklingur í þessum hópi reyndist hafa verið vistaður á fullorðinsaldri en ekki á barnsaldri eins og talið hafði verið.

Af hálfu Landspítala var því lýst að kassarnir 27 sem sendir voru til nefndarinnar árið 2013 hefðu þá nýverið borist skjalasafni spítalans í einu lagi. Ákveðið hefði verið að senda nefndinni þessi gögn og gera ekki frekari leit enda, að sögn spítalans, útilokað að finna gögn um einstaklinga án þess að hafa nöfn eða kennitölur. Þessar skýringar fylgdu þó ekki sendingu kassanna til nefndarinnar. Landspítalinn gat ekki upplýst nákvæmlega hvenær eða hvernig viðbótargögn hefðu borist spítalanum. Í því skyni að taka af öll tvímæli taldi vistheimilanevnd rétt að afla umræddra gagna frá Landspítala. Farið var yfir gögnin og metið hvort þau breyttu í einhverju niðurstöðum og ályktunum nefndarinnar.

### **3. Niðurstaða**

#### **3.1 Niðurstöður og ályktanir í skýrslunni**

Í I. hluta, kafla 3.5.2.1, var fjallað almennt um greiningu upplýsinga í sjúkraskrár sem lágu til grundvallar skýrslunni. Eins og þar kemur fram var í sjúkraskrár að finna staðfestingar og mikilvægar vísbendingar um aðstæður, atvik og daglegt líf vistfólks. Voru sjúkraskrár því mikilvægur grundvöllur ályktana vistheimilanevndar um tildrög vistunar og illa meðferð og ofbeldi. Þrátt fyrir að gæði upplýsinga í sjúkraskrár væru mjög mismunandi þá var ljóst að í þeim sjúkraskrár sem vistheimilanevnd hafði undir höndum mátti fá nokkuð glögg yfirlit yfir allan starfstíma Kópavogshælis og aðbúnað barna á ólíkum deildum hælisins. Í VI. hluta skýrslunnar, köflum 2.2.5 og 3.2.3, var gerð all ítarleg grein fyrir þessum upplýsingum. Að mati vistheimilanevndar var gott samræmi og samhljómur með upplýsingum í sjúkraskrár, dagbókum og viðtölum auk þess sem niðurstöður studdust við margvíslegar aðrar heimildir. Nefndin telur hafið yfir allan vafa að þær ályktanir sem dregnar voru í skýrslunni um tildrög vistunar á Kópavogshæli, illa meðferð og ofbeldi og opinbert eftirlit með starfsemi, voru byggðar á yfirgripsmiklum og fullnægjandi gögnum.

### 3.2 Niðurstöður eftir athugun á viðbótargögnum

Vistheimilanefnd fór yfir þær sjúkraskrár sem bárust frá Landspítala eftir að skýrslunni var skilað. Þar var að finna upplýsingar sem nefndin telur sambærilegar þeim sem lágu til grundvallar skýrslunni og styðja því enn frekar niðurstöður hennar. Er það niðurstaða vistheimilanefndar að ekkert komi fram í þessum viðbótargögnum sem breyti þeim niðurstöðum og ályktunum sem settar voru fram í skýrslunni frá 29. desember 2016.

Reykjavík 3. mars 2017



Hrefna Friðriksdóttir formaður



Rannveig Traustadóttir




Guðrún V. Stefánsdóttir



Ingólfur Einarsson



Gretar L. Marinósson



Una Björk Ómarsdóttir, starfsmaður nefndarinnar